



Tilmæli 26/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga

Símenntun

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 30. október 2014 eftirfarandi tilmæli eftir tillögu menningar- og menntamálanefndar.

Menningar- og menntamálanefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún láti gera norræna samanburðarkönnun á því hvort hægt sé að marka norræna stefnu í alhliða endur- og framhaldsmenntunar-áætlun, helst í anda alþjóðlegra verkefna á við „Individual Learning Accounts (ILA)“ frá Skotlandi og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem koma fram í tillögunni.

Stokkhólmi, 30. október 2014

Hans Wallmark (M)

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Tilmæli 26/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 26/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga

Nefndartillaga um símenntun

1. Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún láti gera norræna samanburðarkönnun á því hvort hægt sé að marka norræna stefnu í alhliða endur- og framhaldsmenntunar-áætlun, helst í anda alþjóðlegra verkefna á við „Individual Learning Accounts (ILA)“ frá Skotlandi og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem koma fram í tillögunni.

2. Aðdragandi

Útreikningar sýna að ófaglært ungmenni sem aflar sér engrar menntunar verður af um 1,3 milljónum danskra króna í ráðstöfunartekjur á ævi sinni og samfélagið fer á mis við velferð sem nemur um 3 milljónum danskra króna. Því mæla gífurlega sterk rök með því að lögð verði áhersla á símenntun og menntun án aðgreiningar. Menntun er öruggasta leiðin að tryggja lífi og atvinnu á fullorðinsárum og dregur jafnframt úr ójöfnuði í samfélaginu. Í framtíðinni skiptir sköpum að fleiri ungmenni ljúki framhaldsskólanámi og áhersla verði lögð á fullorðins- og endurmenntun. Hærra menntastig er lykillinn að hagvexti og velmegun á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin gaf skýrsluna „Effektive strategien für lebenslanges Lernen in den nordischen Ländern“ (Árangursríkar aðferðir til símenntunar á Norðurlöndum) út á árinu 2012. Í skýrslunni kemur fram að Norðurland-þjóðirnar eru vel í stakk búnar til að finna nýjar leiðir til að styðja við fullorðinsmenntun á hraðan og öruggan hátt. Því er ólíkt farið í flestum aðildarríkjum ESB.

Þrátt fyrir að Norðurlöndin búi að nokkuð góðri reynslu af símenntun og hæfnisaukningu fullorðinna eru enn mörg viðfangsefni óleyst. Vitað er að allt að 20% af ungu fólki flosna upp úr skólum og ljúka ekki framhaldsskólanámi. Þessum ungmönnum reynist örðugt að fóta sig á vinnu-markaði. Það er óheppilegt vegna þess að þau munu einnig eiga erfitt uppdráttar á vinnu-markaði framtíðarinnar. Þeim störfum fækkar stöðugt

sem krefjast engrar menntunar. Þrátt fyrir ýmsar pólitískar aðgerðir hefur hópur óskólagenginna ekki breytt því að símenntun er algengust meðal fólks með góða menntun. Ófaglærðir og fólk með stutta skólagöngu að baki fá því takmarkaða hlutdeild í hinum miklu fjárfestingum samfélagsins í menntun. Nýjar lausnir gætu því verið nauðsynlegar ef vilji er fyrir hendi að bregðast að einhverju gagni við þörfum og hagsmunum hinna ófaglærðu.

Ennfremur skiptir sköpum að fyrirtæki komi beint að símenntun. Starfsfólk hefur ekki alltaf áhuga á námi námsins vegna. Það vill auka hæfni sem nýtist þeim í starfi. Því er brýnt að fyrirtæki móti sér símenntunarstefnu þar sem áhersla er lögð á að auka hæfni starfsfólksins. Þannig tekst að halda í hæft starfsfólk og auka færni þess enn frekar. Margt bendir til þess að formleg námskeið og skólaganga sem lýkur með skirteinum séu að leysa hefðbundið starfsnám á vinnustað – starfsþjálfun – af hólmi. Starfsfólk með litla bóklega menntun getur lent utangarðs í formlegri endurmenntun því það hefur ekki alltaf áhuga á að setjast á skólabekk.

Hámenntað fólk hefur einnig þörf fyrir að bæta við grunnmenntun sína. Hröð þróun og breyttar hæfniskröfur hjá hinu opinbera sem og á almennum vinnumarkaði gera það að verkum að hámenntað fólk verður sífellt að auka hæfni sína á starfsferli sínum. Þörf á að auka eigin hæfni ævilangt er einnig til komin vegna vaxandi væntinga um að hámenntað fólk verði lengur á vinnumarkaði en áður.

Markmiðið gæti því verið að *Símenntun í þekkingarsamfélagi* yrði aðgengileg öllum á vinnumarkaði óháð menntun þeirra.

Ýmsar alþjóðlegar og norrænar greiningar sýna að fjárfestingar í fólki skila sér í aukinni framleiðni og minni fátækt. Jafnframt eykst launajöfnuður í samfélaginu þegar lægstu launin hækka.

Viðfangsefnið felst meðal annars í því að þetta samstarf fyrirtækja/atvinnulífs við menntastofnanir. Atvinnuleysi ungs fólks er til að mynda mikið í Svíþjóð og í Danmörku er ekki algengt að fólk vinni með námi. Þá þarf að meta hvort símenntun eigi að vera öllum aðgengileg. Eru einhverjir hópar sem ekki er hægt að ná til og er það ásættanlegt? Hve mikið á það að vera undir einstaklingnum komið hvort hann velur að endurmennta sig og greiða fyrir námið? Er hægt að ímynda sér að allir Norðurlandabúar sem náð hafa fullorðinsaldri njóti borgaralegra réttinda í formi símenntunar sem tryggja að allir hafi aðgang að menntun á öllum skeiðum ævi sinnar? Hver á að greiða fyrir hana? Væri hægt að skapa sameiginlegt norrænt kerfi sem myndi breiða fullorðinsfræðslu út og gera hana aðgengilegri en nú er raunin? Hvaða stefnu og leiðir þarf til að láta þá framtíðarsýn rætast?

Í Skotlandi til að mynda er námskerfi sem kallað er *ILA – Individual Learning Accounts*. Um er að ræða opinbert styrkjakerfi til námskeiða og náms sem allt vinnandi fólk getur nýtt sér. Kerfið virðist vera háþrúð útgáfa af rafrænni stjórnun, *E-GOVERNANCE*. Norðurlönd gætu bætt námsframboði í framtíðinni með því að nýta sér alþjóðlegar hugmyndir og hugvit við mótun símenntunarstefnu sem gefur vinnandi fólki kost á endurmenntun og að auka hæfni sína en þannig mætti leysa viðfangsefni á vinnumarkaði framtíðarinnar.

Að lokum ber að geta þess að þjóðirnar hafa haldgóða reynslu af ýmis konar símenntun en vita lítið um reynslu grannþjóðanna.

Markmiðið með verkefninu gæti því einnig verið að þjóðirnar fræðist um reynslu grannþjóðanna. Fjöldi aðila starfar á þessu sviði. Hvernig er hægt að leiða þá saman og tryggja að engir hópar á vinnumarkaði verði útundan?

Norðurlandaráð

Tilmæli 26/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 26/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga

3. Sjónarmið nefndarinnar

Með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram telur menningar- og menntamálanefndin að símenntun sé svið sem öll norrænu löndin myndu njóta góðs af að yrði kannað nánar og þá helst þannig að öll löndin í sameiningu þrói norræna stefnumótandi áætlun um hvernig megi veita norrænum almenningi bestu hugsanlegu menntun á komandi árum þannig að vinnandi fólk og atvinnurekendur verði í stakk búin til að takast á við hæfniskröfur framtíðarinnar á sem bestan hátt.

4. Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindu leggur menningar- og menntamálanefndin til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún láti gera norræna samanburðarkönnun á því hvort hægt sé að marka norræna stefnu í alhliða endur- og framhaldsmenntunar-áætlun, helst í anda alþjóðlegra verkefna á við „Individual Learning Accounts (ILA)“ frá Skotlandi og með tilliti til þeirra sjónarmiða sem koma fram í tillögunni.

Tampere, 23. september 2014

Annette Lind (S)
Eila Tiainen (vänst)
Jorodd Asphjell (A)
Liselott Blixt (DF)

Sinuhe Wallinheimo (saml)
Svein Harberg (H)
Tuula Peltonen (sd)
Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Norðurlandaráð

Tilmæli 26/2014

Fyrra skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 26/2014

Fyrra skjalsnúmer:
A 1627/kultur

Fjallað um í:
Menningar- og
menntamálanefnd

Málsnúmer 14-00254-8

Fylgiskjal:
Nefndartillaga